

66  
23. júní

## L Ö G

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja sildarbræðsluverksmiðju á Austurlandi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja sildarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar sildarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenzkt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Þorsteinn Briem.*